



## Viðauki II við fjárhagsáætlun 2025

### Greinargerð

Óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar á meðfylgjandi viðauka við fjárhagsáætlun 2025. Í viðaukanum er gert ráð fyrir að til framkvæmda við II. áfanga Nausts renni 52 milljónir (sjá framkvæmdaáætlun fyrir Naust 2025 sem er meðfylgjandi) í stað 100 milljóna sem gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Til sörpmóttökustöðvar renni 48 milljónir auk þeirra 20 milljóna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun þannig að til sörpmóttökustöðvar fari á þessu ári alls 68 milljónir sem gera það að verkum að hægt verður að taka húsið í notkun í sumar eða haust og nýta það sem eftir er árs til að koma á endanlegu skipulagi sörpmála. Ýmis frágangur s.s. malbikun, lokafrágangur lóðar og nokkur önnur atriði verða þá eftir og fer á áætlun 2026 og 2027. Heildarniðurstaða á fjárfestingum á fjárhagsáætlun 2025 eftir viðauka I og þennan viðauka II (A og B sjóður) breytist ekki og verður áfram 335.364.000.-

Nú er staðan sú, að til þessa hefur sveitarfélagið samþykkt á fjárhagsáætlunum í verkið um alls um 130 milljónir króna (2023-2025) en búið er að leggja í kostnað umfram það sem nemur 22 milljónum frá janúar til 11 mars þannig að heildarkostnaður er nú 152 milljónir. Til að ljúka við það sem áætlað er til að gera stöðina starfhæfa í sumar eða haust þarf því 46 milljónir króna í viðbót og þar inni eru þær 22 milljónir sem áður er minnst á (sjá meðfylgjandi framkvæmdaáætlun vegna 2025). Gert er ráð fyrir að gróflega verði heildarkostnaður við móttökustöðina á bilinu 230-250 milljónir með vísitöluhækkunum þegar allt er talið og móttökustöðin fullfrágengin. Það sem nú er verið að leggja til er að bæta við þannig að heildarútgjöld til stöðvarinnar frá 2023 til loka þessa árs verði 178 milljónir króna. Þá eru eftir um það bil 50 – 70 milljónir sem gera verður ráð fyrir á næsta eða þarnæsta ári. Hún verður engu að síður starfhæf í sumar eða haust. Allar þessar tölur eru með fyrirvara og gróflega áætlaðar þar sem komið hefur í ljós ýmis ófyrirséður kostnaður í þessu ferli.

Allt frá því að gerðar voru breytingar á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem tóku gildi 1. janúar 2023 hafa sveitarfélögin um allt land verið að endurskipuleggja sín úrgangsmál í þá átt að taka upp hringrásarhagkerfi. Með breytingunum var stefnt að því að nýta þær auðlindir sem í úrganginum felast. Í svæðisáætlun sveitarfélaga á Norðurlandi um meðhöndlun úrgangs er úttekt á stöðu allra sveitarfélaga. Þessi svæðisáætlun var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar 15. júní 2023.

Því miður er það svo að þegar farið er í slíkar framkvæmdir þar sem mikil óvissa er um hvaða leiðir á að fara og lítil sem engin reynsla er fyrir, verið að uppfylla lög og reglugerðir sem eiga að vera í takt við Svæðisáætlun fyrir öll sveitarfélög á Norðurlandi, þá er mikil óvissa um kostnað. Það góða við þetta er, að við erum handviss um að þessi móttökustöð og sú endurskipulagning sem unnið er að mun spara okkur umtalsverða fjármuni í framtíðinni þar sem verið er að gera verðmæti úr úrgangi, draga úr umfangi hans og kostnaði við hirðingu, flutning og förgun.

Strax var hafist handa við að endurskipuleggja sörpmál í Langanesbyggð með tilliti til þarfagreiningar á því hvað þurfti að gera í Langanesbyggð til að uppfylla lög. Þar að auki hafði í mörg ár bilið á milli tekna og gjalda af sörpmálum vaxið þannig að á árinu 2023 stóðu sörpgjöld aðeins undir 35% útgjalda,



Þrátt fyrir að gjaldskrárhækkanir hefðu verið umtalsvert hærrí á undanföllum árum en hækkanir almennt. Árið 2024 lítur út fyrir að aftur dragi saman í útgjöldum á móti tekjum. Því er að þakka að strax var tekið á ýmsum málum varðandi úrgangsmál sem ekki verður farið nánar út í hér.

Þann 16.03.2023 samþykkti sveitarstjórn drög að fjárhagsáætlun á grundvelli þarfagreiningar við að koma upp sorpmóttökustöð og sveitarstjóra falið að áfangaskipta verkinu þar sem ekki lá fyrir verkáætlun og hve hratt væri hægt að fara í verkið og ákveðið að fylgjast með hvað önnur sveitarfélög væru að gera. Þessi drög að fjárhagsáætlun og þarfagreining var gerð samkvæmt bestu vitund og upplýsingum sem lágu fyrir þá. Þarfagreiningin 2023 gerði ráð fyrir að heildarkostnaður gæti orðið um 161 milljón króna. Þar var innifalið 375 m<sup>2</sup> hús eftir skoðunarferð á Vopnafjörð þar sem slíkt flokkunarhús var til staðar. Niðurstaðan var hinsvegar á endanum 530 m<sup>2</sup> hús sem samþykkt var að kaupa eftir uppfærða þarfagreiningu. Einnig var farið í að taka aðra lóð í viðbót undir móttökustöðina og snúa húsinu á lóðinni til hagræðis fyrir viðskiptavini. Allt þetta hafði í för með sér meiri kostnað.

Þar sem hér er um flóknar og viðamiklar breytingar á sorpmálum að ræða var ákveðið að hinkra með aðal breytingar þar til nokkur sveitarfélög höfðu lagt í framkvæmdir við sínar breytingar sem á þeim tíma báru misjafnan árangur og tókust misvel. Það var meðvituð ákvörðun að fylgjast vel með þróun mála en hefja þann undirbúning sem hægt var strax. Þannig var skoðað hvort fýsilegt væri að fara í útboð á öllum þáttum eða bjóða út hvern og einn. Niðurstaðan var að bíða með það þar til aðferðarfræðin við sorphirðu, flokkun og flutning væri ljós.

Sveitarstjórn varð við ósk sveitarstjóra um að ráða sérstakan umhverfisfulltrúa til að fylgja þessum málum eftir enda um að ræða mjög flókið og umfangsmikið verk sem á hinn bóginn gæti sparað sveitarfélaginu umtalsverða fjármuni í sorphirðu. Umhverfisfulltrúi var ráðinn í mars 2024 og hófst strax handa við að kynna sér hvaða sveitarfélög væru að fara hagkvæma leið í þessum málum og hvaða mistök eða röng leið hafði verið valin í ferlinu. Hann kynnti sér einnig allt efni um málaflokkinn, lög, reglugerðir og áætlanir sem voru til. Enn hefur ekkert verið ákveðið varðandi sorphirðu, flutning eða förgun – hve margar tunnur verða við hvert hús eða hvaða flokkar verða á sorpmóttökusvæði og hvaða flokkar verða heima við hús. Seint á síðasta ári hófst samtali milli sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps og sveitarstjóra Langanesbyggðar um á hvort hagsmunamál sveitarfélaganna lægju saman á þessu sviði. Það er þá helst varðandi flutninga og hugsanlega sorphirðu. Hvort sveitarfélag um sig þarf að hafa sína flokkunarstöð eða sorpmóttökustöð og grenndargáma ef sú leið verður fyrir valinu.

Vegna legu okkar og stöðu hafa útgjöld til þessa málaflokks aukist og aukist. Það sama gildir um sveitarfélög þar sem flutningskostnaður er umtalsverður og því fóru þessar viðræður við Vopnafjörð af stað. Við erum hér ekki eingöngu að bregðast við lagasetningu um sorpmál heldur stefndi í mikið óefni í kostnaði við sorpmálin. Við fengum sem betur fer framlengdan samning við íslenska gámafélagið þar til við hefðum endanlega ákveðið hvernig við munum haga þessum málum í framtíðinni.

Innan skamms verður lögð fram sundurliðuð og uppfærð heildaráætlun um fjárfestingu í sorpmálum 2023-2026 en inni í þeirri áætlun eru vísitöluhækkanir sem hafa orðið. Þess ber að geta hér, að þegar hús sorpmóttökustöðvar var reist voru gerð þau mistök að húsinu var snúið um 180 gráður þannig að gluggasetning og hurðir sneru ekki rétt. Verktakar og hönnuður munu taka á sig þann kostnað sem af hlýst og ber Langanesbyggð engan skaða af því né verða tafir á verkinu í heild.

Þá skal það tekið fram hér, að sorpmálin hafa verið mörgum sveitarfélögum erfið og flókin sökum þess hve um margar leiðir er hægt að fara en sáralítil reynsla er til í landinu. Það hefur leitt til þess að mörg og dýr mistök hafa verið gerð og það hefur reynt á þolinmæði íbúa margra sveitarfélaga. Við tókum



hinsvegar þá farsælu ákvörðun í byrjun að flýta okkur hægt, læra af reynslu annarra og fara hagkvæmustu leiðina. Gallin við það er sá, að þegar við fetum okkur hægt á þessari braut, að það verður erfiðara og seinlegra að setja fram áætlanir og gera verkáætlun og þar með ákveða aðferðarfræði við sorphirðu, flutning og förgun. Við vonumst þó til að sjá til lands á næstunni og geta sett fram heildstæða áætlun um hirðingu, móttöku, flokkun og förgun á sorpi í Langanesbyggð.

Í þessu sambandi er einnig vert að geta þess að þessi mál tengjast óhjákvæmilega loftslagsstefnu sem sveitarfélögunum er gert að gera og halda nákvæmt bókhald yfir móttöku sorps, flokkun þess og hvað verður að lokum um sorpið, fer það í endurvinnslu, flutt annað til meðhöndlunar, í urðun eða annars konar förgun?

---

Björn S. Lárusson  
Sveitarstjóri.